25 ...

# - K. K. Í. -

Milliþinganefnd

Yngri flokkur.

Ingvar S. Jónsson
Sigurður Már Helgasson
Ingi Gunnarsson

Breytingatillögur

Við 7. grein laga um körfuknattleiksmót.

16 · 17 3. Aldursflokkur. 36 mín., 18 mín., hvor hálfl. (5 min Hlé)
14 · 15 4. Aldursflokkur. 30 mín., 15 mín., hvor hálfl.
12 · 13 5. Aldursflokkur. Fyrri hálfl. : 2 x 10 mín., klukka ekki stöðvuð, 1 mín. hlé á milli , ekki skipt um körfu. Skylt er að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik, til að ná bónusstigi.
Síðari hálfl. : 1 x 12 mín og klukkan stöðvuð samkvæmt körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leikmanna leyfðar samkvæmt körfukn. reglum. Leikhlé er leyft 1 x hjá hvoru liði. Hlé milli hálfleika er 5 mín.

Bónusstig : Ef lið notar 10 leikm (5 fl.) fær það 1 "bónusstig"
Dæmi : Við sigur fær lið þá 3 stig. og tapi lið fær það 1 stig. Körfur og knöttur skulu vera. eins og hjá 4. aldursflokk.

---

12 · 13 · 14 3..Aldursflokkur kvenna. 24 mín., 12 món., hvor hálfl. (5 min Hlé)
Leikið með mini bolta á stórar körfur.
(Þó er lagt til að flokkaskipting og leiktími verði sá sami og hjá öðrum (körlum).)

Við 8. grein laga um körfuknattleik.

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber. Heimilt er þremur leikmönnum yngri aldursflokks að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin. Heimilt er hverjum þeim leikmanni sem er í 2. flokki að leika með 1. flokki óbundið að fjölda í hvert sinn.

Annað óbreytt í 8. grein.

----------

Ennfremur er lagt til að skólamót ljúki fyrir jól ár hvert. Fari fram í okt., nóv.

----------

Mótafyrirkomulag yngri flokka á Íslandsmóti verði óbreytt.

Minnt á að unglinganefnd sjái um hraðmót í yngri flokkum í samráði við KKÍ stjórn og mótanefnd um tímasetningu.

----------